

Hafnarfirði 16. apríl 2018

Niðurstaða alútboðs Knatthús í Kaplakrika

Forsendur sem voru gefnar voru í alútboðsgögnum

Hafnarfjarðarbær óskaði eftir tilboðum í að hanna og byggja knatthús í Kaplakrika samkvæmt alútboðsgögnum.

Um er að ræða byggingu knatthúss sem er að innan máli 74 x 111 m eða 8.214 m². Þar að auki er lágbygging við vestari gáfl hússins 2,7 x 31 m eða 84 m². Samtals nettó byggingarmagn 8.298 m². Knatthúsið á að vera kalt, þ.e. óupphitað og þar með án einangrunar, en lágbygging skal vera einangruð og upphituð. Lágmarkshæð knatthúss yfir hliðarlínum vallar skal vera 7,5 m og lágmarkshæð í mæni alla lengd hússins skal vera 20 m. Lágmarkshæð í lágbyggingu skal vera 2,7 m.

Þá var óskað eftir því við bjóðendur til viðbótar við byggingu knatthús að gera tilboð í jarðvinnu og uppsteypu stoðveggja vegna æfingavalla norðan við knatthúsið að Flatahrauni. Þar skal bjóðandi gefa einingaverð í að uppgröft á lausum jarðvegi, losun á klöpp og uppsteypu stoðveggja.

Í alútboðsverkum geta bjóðendur komið með nýjar útfærslur á hönnun, því er erfitt að gera grein fyrir kostnaði vegna þessa verks. Þess vegna var ekki gerð kostnaðaráætlun hjá sviðinu, þar sem bjóðendur gátu boðið ólíkar lausnir í sínum tilboðum.

Forsendur verkefnis:

Samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 gerir ráð fyrir að byggingu knatthúss á Kaplakrika í samræmi við fyrirbyggjandi deiliskipulag.

Í greinagerð með fjárhagsáætlun á bls. 50 má lesa eftirfarandi:

Fyrsti áfangi samkvæmt tillögu ÍBH er bygging knatthúss hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar. Ráðgert er að framkvæmdir hefjist á árinu 2017 og verður 70 milljónum króna varið í verkefnið á árinu 2017. Um er að ræða fjármagn sem ætlað var í endurnýjun gervigrasvallar hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, sem ekki verður endurgerður. Þá er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með framkvæmdir við knatthúsið á árinu 2018. Í framkvæmdina verði varið 200 milljónum króna á árinu 2018. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki á árinu 2019 og þá verði varið í verkefnið 450 milljónum króna. Samtals gerir áætlunin ráð fyrir að framkvæmdin kosti um 720 milljónir króna.

Bygging knatthúss hjá FH verður í 100% eign Hafnarfjarðarkaupstaðar og verður framkvæmdin boðin út. Verður það gert fyrir lok árs 2017.

Úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdarráðs frá 10. janúar 2018:

Lögð fram útboðsgögn vegna knatthúss í Kaplakrika.

Fulltrúi FH, Viðar Halldórsson, Örn Guðmundsson frá VSB verkfræðistofu og íþróttafulltrúi Geir Bjarnason mættu til fundarins.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að heimila umhverfis- og skipulagsþjónustu að auglýsa alútboð vegna knatthúss í Kaplakrika.

Við opnun tilboða hinn 26. mars sl. kom í ljós að allir þrír bjóðendur buðu fram verð í knatthúsið sem var á bilinu 1.102 millj. til 1.154 millj. króna.

Því er það tillaga að afgreiðslu þessa máls

Tillaga:

Lagt er til að öllum tilboðum í alútboðinu Knatthús í Kaplakrika, verði hafnað.

Greinargerð:

Við opnun tilboða hinn 26. mars sl. kom í ljós að allir þrír bjóðendur buðu fram verð í knatthúsið sem var á bilinu 1.102 millj. til 1.154 millj. króna. Við undirbúning verkefnisins var lagt til grundvallar að heildarkostnaður yrði um 700 til 750 milljónir og í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar er miðað við 720 milljónir króna. Verður af þeim sökum að hafna öllum tilboðum. Vísað er til lokamálsgreinar gr. 0.1.2. útboðsgagna um heimildir til að hafna öllum framkomnum tilboðum, þeirra forsendna sem lagðar voru fyrir verkefninu á fundi bæjarráðs hinn 19. október 2017 og fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins 2018-2021, bls. 50, þar sem miðað var við að leggja samtals 720 milljónir króna í verkefnið. (<https://www.hafnarfjordur.is/media/fjarmal/Hafnarfjordur---greinargerð-fjarhagsaaetlunar-2018-2021.pdf>). Tilboðsfjárhæðirnar rúmast ekki innan þessara forsendn

Virðingarfyllst,

Sigurður Haraldsson
SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSPJÓNUSTU